




Terta með áritun í tilefni af afmælinu.




Magnús Jónsson fjármálaráðherra afhendir Kristjáni Thorlacius bréf upp á orlofsheimilisland í Móadal.

BSRB 25 ÁRA

Framhals af bls. 1.
Thorlacius. Þórhallur Halldórsson tilkynnti, að Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar gæfi bandalaginu málverk af Lárusi Sigurbjörnsyni, sem var formaður og varaformaður bandalagsins um nokkurn ára skeið, næsti formaður á eftir Sigurði Thorlacius. Ágúst Geirsson formaður í Félagi ísl. útmanna og Tryggvi Haraldsson formaður Póstmannafélags Íslands afhentu bandalaginu málverk af Þingvöllum frá fyrrgreindum félögum, eftir Svein Þórarinsson. — Guðjón B. Baldvinsson kom með persónulega gjöf til bandalagsins, það var fundarhamar. Guðlaugur Þórarinsson formaður Starfsmanna félags Hafnarfjarðarbæjar afhenti bandalaginu fundarbjöllu úr silfri frá átta starfsmannafélögum: Starfsmannafélagi Hafnarfjarðarbæjar; Starfsmannafélagi Kópavogskaupstaðar; Starfsmannafélagi Keflavíkurbæjar; Starfsmannafél. Vestmannaeyjabæjar; Starfsmanna félagi Akraneskaupstaðar; Félagi opinberra starfsmanna á Ísafirði; Starfsmannafélagi Siglufjarðar og Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar.

Ingólfur Guðmundsson formaður Starfsmannafélags Stjórnarráðs ins afhenti fundarhamar úr filabeini, ágrafinn, frá félaginu. Jón Sigbjörnsson, formaður Starfsmannafélags Ríkisútvarpsins afhenti frá félaginu, veggskjöld úr leir. Kristján Sigurðsson formaður Lögreglufélags Reykjavíkur afhenti silfurbréfahníf, með merki lögreglufélagsins. Frú María Pétursdóttir formaður Hjúkrunarkvennafélags Íslands afhenti ofið veggteppi, eftir Ásgerði Búadóttur. Matthías Andrússon, formaður Tollvarðafélags Íslands, afhenti málverk af Þingvöllum, eftir Pétur Friðrik. Sverrir Júlíusson formaður Starfsmannafélags ríkisstofnana afhenti ræðustól frá félaginu, og Valdimar Ólafsson, formaður Félags flugmálstarfsmanna, afhenti silfurvindlakassa með áletrun frá félaginu.


Pakkaði Kristján Thorlacius hverja gjöf. Í lokin voru lesin skeyti og kveðjur, sem BSRB höfðu borizt í tilefni af afmælinu, m. a. frá öðrum launþegasamtökum og ýmsum aðilum.



Hér eru m.a. Eysteinn Jónsson, formaður Framsóknarflokksins og Eggert G. Þorsteinsson sjávarútvegsmálaráðherra í móttökkunni í Súlnasalnum.



Gestir við hlaðborðið í Súlnasalnum.



Skúli Þorsteinsson og Ólafur S. Ólafsson afhenda málverk af Sigurði Thorlacius, fyrsta formanni BSRB.



Guðlaugur Þórarinsson afhendir fundarbjöllu, gjöf frá starfsmannafélögum átta bæja.



Tekin yfir Súlnasalinn í hófinu í gær. Þangað komu um 800 manns.